

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra Atvinnuflugmanna (EFÍA). Haldinn 31. maí 2010 í húsakynnum EFÍA að Hlíðarsmára 8, kl. 17:00.**

## **FUNDARGERÐ**

### **Fundur settur kl. 17:05**

Magnús Brimar Jóhannesson (MBJ) formaður stjórnar sjóðsins býður fundarmenn velkomna, stingur upp á Franz Ploder (FP) sem fundarstjóra sem er samþykkt. Stungið er upp á Steinari Erni Jónssyni, fulltrúa NBI. hf. sem fundarritara og hreyfir enginn andmælum við því.

### **Skýrsla stjórnar**

Skýrsla Magnúsar Brima Jóhannssonar (MBJ) formanns stjórnar, fyrir árið 2009.

### **Skipan umsjónaraðila með sjóðinum**

MBJ fjallar um skipan umsjónaraðila með sjóðinum en þann 17. mars 2009 var sjóðinum skipaður umsjónaraðili af fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar Sérstaks saksóknara á meintum brotum sjóðsins á lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri viku sæti á meðan umsjónaraðili starfaði. Sjóðinum var skilað aftur til réttkjörinnar stjórnar og framkvæmdastjóra þann 10. júní 2009. Engar kærur hafa verið lagðar fram vegna meintra brota á lögum um lífeyrissjóði. Hvorki framkvæmdastjóri né nokkur stjórnarmanna hafa stöðu grunaðs í málinu. Hefur sjóðurinn leitað til Umboðsmanns Alþingis vegna málsins. Álit Umboðsmanns er væntanlegt. Kostnaður vegna skipunar umsjónaraðila var 2.461 þús. kr. á árinu.

### **Samskipta- og siðareglur EFÍA**

Stjórn sjóðsins leggur fyrir fundinn nýjar reglur sjóðsins fyrir stjórnarmenn og starfsmenn hans.

### **Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu**

MBJ fer yfir lífeyrisgreiðslur á árinu, að meðaltali fengu 92 greidd eftirlaun, 23 makalífeyri, 9 örorkulífeyri og 13 barnalífeyri. Samtals námu þessar greiðslur 673,2 milljónum, sem er 15,5% hækkun frá fyrra ári. Að meðaltali voru lífeyrisþegar 137.

### **Sjóðsfélagar og iðgjöld**

Á árinu greiddu 535 sjóðsfélagar hjá 13 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins. Samtals námu iðgjöld 835,0 milljónum sem er 11,1% lækkun frá fyrra ári.

### **Samstarf um skiptingu örorkuáhættu**

EFÍA er þátttakandi í samstarfi þriggja lífeyrissjóða um skiptingu örorkuáhættu sbr. 21. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### **Skuldbindingar sjóðsins**

Fram kemur í máli MBI að ávöxtun ársins 2009 hafi ekki náð lágmarksávöxtun vegna skuldbindinga sjóðsins eða 3,5% ávöxtun. Laka ávöxtun megi rekja til niðurfærslna á skuldabréfum banka og fyrirtækja í eigu sjóðsins. Einstakar niðurfærslur skuldabréfa í eigu sjóðsins og gengistap vegna fyrirtækjaskuldabréfasjóðs voru samtals 458,8 milljónir á árinu eða 3,0% af hreinni eign sjóðsins um áramót.

## Tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórn EFÍA

MBJ drepur á tillögum sem stjórn sjóðsins hefur til skoðunar um breytt fyrirkomulag á stjórn EFÍA.

### 1. Ársreikningur EFÍA 2009

Hallgrímur Þorsteinsson endurskoðandi forfallast. Í hans stað gerir Halldór Kristinsson (HK) framkvæmdastjóri sjóðsins grein fyrir ársreikningi 2009. Í máli HK kemur fram að hrein raunávöxtun á eignum sjóðsins hafi verið miðað við vísitölu neysluverðs jákvæð um 0,96%. Hrein eign sjóðsins sé 15.267 milljónir og hafi hækkað um 1.501 milljón eða 10,9%.

HK segir ekki hafa orðið mikil breyting á eignaflokkum sjóðsins, fyrirferðamest séu ríkisskuldabréf. Vegna efnahagsástandsins sé eðlilega lítil velta á eignasafni sjóðsins. Vísar sérstaklega í umfjöllun á síðu sjóðsins í ársreikningi og fer lauslega yfir sjóðsstreymi á árinu 2009. Fram kemur í máli HK að launakostnaður vegna launa stjórnarmanna hafi lækkað á árinu 2009, enda var stjórnin ekki á launum á meðan umsjónaraðili fór með stjórn sjóðsins. Endurskoðunarkostnaður hefur hækkað á meðan þóknun fyrir störf tryggingastærðfræðings hefur lækkað. Árgjald til Fjármálaeftirlitsins stendur í stað. Nýr kostnaðarliður hefur bæst við að sögn HK, en hann fellur til vegna umsjónaraðilans. HK vísar máli sínu að Landsvaka Currency og öðrum óhefðbundnum fjárfestingum í innlendum sjóðum. Sjóðurinn er í slitiferli, það á líka við um Absolute Return Strategies.

HK fjallar um bundin innlán sjóðsins, tekur fram að ekkert hafi tapast við fall Sparisjóðsins í Keflavík. Víkur máli sínu sérstaklega að Landsbanki Mezzanine Fund I og II, og þeirri óvissu sem ríkir um eignaréttarlega stöðu sjóðanna hvað varðar hlutdeild þeirra í einstökum lánnum.

### 2. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson (VÁ) tryggingastærðfræðingur sjóðsins fer yfir tilgang tryggingafræðilegrar úttektar og kynnir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

|                              | 2009             | 2008             |
|------------------------------|------------------|------------------|
| Eign                         | 16.262 milljónir | 15.128 milljónir |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | -20.781          | -20.848          |
| Áfallin staða                | -4.519 (-21,7%)  | -5.720 (-27,4%)  |
| Verðmæti iðgjalda            | 11.603           | 14.347           |
| Framtíðarskuldbinding        | -11.462          | -13.850          |
| Framtíðarstaða               | 141 (1,2%)       | 497 (3,6%)       |
| Eign + iðgjöld               | 27.865           | 29.475           |
| Heildarskuldbinding          | -32.243          | -34.698          |
| Heildarstaða                 | -4.378 (-13,6%)  | -5.223 (-15,1%)  |

VF fjallar um forsendur að baki lífeyrisgreiðslum til sjóðsfélaga, hvers megi vænta í ávöxtun og hve miklar eignir sjóðurinn þurfi að eiga til að greiða skv. réttindabók sjóðsfélaga. VF segir heildarstöðu sjóðsins vera utan -10% sem eru hin venjubundnu vikmörk. Heildarstaðan er -13,6% en hinsvegar innan 15% marka bráðabirgðaákvæðis VI. í lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði.

VF vísar lauslega að breytingunni sem gerð var með því að breyta sjóðinum í aldurssjóð. Telur tilganginum með þeirri breytingu hafa verið náð. VF kemur að auknum lífslíkum í máli sínu og áhrifum þeirra á skuldbindingar sjóðsins. Fram hefur farið regluleg könnun á lífslíkum allra sem lögheimili eiga á Íslandi.

VF leggur til allt að 15% skerðingu áunninna réttinda. Eftir skerðingu færi heildarstaða í 4,5%. Fjallar um það jafnvægi sem verði að gæta að, til að greiða sjóðsfélögum sanngjarnan lífeyri.

Fundarstjóri opnar fyrir fyrirspurnir:

Hjörtur Hjartarson (HH) kveður sér hljóðs og spyr hverju sæti að endurskoðunarkostnaður hafi hækkað á milli ára.

MBJ svarar því til að fall bankanna og efnahagsástandið í heild sinni hafi gefið tilefni til ítarlegri úttektar en ella og því hafi meiri vinna verið lögð í verkið en árið áður.

HH leggur jafnframt til að stjórn sjóðsins kanni þann möguleika að færa sjóðinn úr vörslu NBI. hf. sem annast rekstur hans.

MBJ segir þau mál hafa verið könnuð en ekkert áþreifanlegt komið út úr þeirri könnun.

Gylfi Magnússon (GM) biður um orðið. Hann spyr hvenær æskilegt sé að flugmenn deyi, og beinir spurningu sinni til VF sem segir auknar lífslíkur sjóðsfélaga vera eðlilega þróun.

Halldór Þór Halldórsson (HÞH) sté í pontu.

1. HÞH telur stjórn sjóðsins hafa látið blekkjast, vísar í öfl í þjóðfélaginu. Spyr hvort stjórnin hafi sótt rétt sinn gagnvart Landsbankanum.
2. HÞH telur nýjar siðareglur EFÍA alveg sjálfsgöðar.
3. Kvartar yfir skorti á upplýsingagjöf frá stjórn sjóðsins, segist óánægður með stjórnina.

Ómar Arason (ÓA) spyr um misræmi í tölum á síðu átta tryggingafræðilegri athugun VF, um misskilning ÓA reynist vera að ræða.

Fyrirspurnum lokið í bili og Halldór Kristinsson (HK) tekur til máls.

### **3. Fjárfestingarstefna 2010. Eignasamsetning og ávöxtun 2009**

Halldór Kristinsson (HK) gerir grein fyrir fjárfestingarstefnu og eignasamsetningu sjóðsins. Fjallar um vaxtalækkunar og gjaldeyrishöft, segir enga hreyfingu á íslenskum hlutabréfamarkaði. Víkur máli sínu að erfiðleikunum á evrusvæðinu, telur hagkerfi heimsins eiga nokkuð í land þangað til það vinni sig út úr heimskreppunni.

Ríkisskuldabréf eru megin fjárfestingarkostur sjóðsins sem og skuldabréf sveitarfélaga. Keypt hafa verið skuldabréf Reykjavíkur, Kópavogs og Lánasjóðs sveitarfélaga. Jafnframt hafa verið keypt skuldabréf fyrirtækja á borð við RARIK sem hafa ákveðið lögbundið hlutverk sem gefur þeim hálfgerða ríkisábyrgð ef svo má að orði komast. HK víkur máli sínu að ávöxtun ársins, hún nam 1%. Samanborið við aðra lífeyrissjóði og ávöxtun þeirra er EFÍA aðeins fyrir miðju. Þá fer HK nokkrum orðum um samning þann sem sjóðurinn gerði þann 30. maí við Seðlabankann, þessum samningi ber að fagna segir HK.

Að lokum fer HK yfir helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni og fer yfir eignastöðuna í dag. Segir vægi innlána hafa minnkað á sama tíma og vægi ríkisskuldabréfa hafi aukist. Víkur máli sínu sérstaklega að nýjum eignarflokki sem kallast „Innlendir endurreisnarsjóðir“, sjóðurinn hefur bundið 400,0 milljónir í Framtakssjóði Íslands.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður:

Hjörtur Hjartarson spyr hvort gjaldeyrishöftin hafi ekki áhrif á tölurnar sem birtast í ársreikninginum.

Jóhann Kristinsson (JK) spyr hvort fjármagn sjóðsins, sem bundið er erlendis, megi hreyfa.

HK er til svara, segir að erlend hlutabréf megi selja og kaupa önnur erlend hlutabréf í staðinn. HK segir um 1.400 milljónir bundnar í erlendum hlutabréfum. JK spyr hvort ekki sé verið að leita að betri fjárfestingarkostum fyrir fjármuni sjóðsins sem bundnir eru erlendis. HK segir sjóðinn eiga dreifð söfn hlutabréfa og sífellt sé verið að endurmeta stöðuna og leita betri ávöxtunar.

Elías Elíasson kveður sér hljóðs og spyr hvernig fjárvarsla NBI. hf. komi út samanborið við hina bankana. HK svarar því til að NBI. hf. komi ágætlega út miðað við hina bankana, ef horft er til frjálsu séreignarlífeyrissjóðanna þá er Íslenski lífeyrissjóðurinn sem er í vörslu NBI. hf að koma best út á árinu 2009.

Ekki eru fleiri fyrirspurnir að sinni.

#### **4. Val á endurskoðanda EFÍA**

Formaður stjórnar, Magnús Brimir tekur til máls. Leitað var tilboða varðandi endurskoðunarþjónustu. Hægstæðasta tilboðið kom frá Eymundi Einarssyni lögg. endursk., honum til aðstoðar verður fyrirtækið Ernst & Young. Hann hefur því verið valinn sem endurskoðandi sjóðsins árið 2010.

#### **5. Tilkynning um skipun stjórnar**

Magnús Brimir Jóhannsson (MBJ) lýsir skipan stjórnar.

##### Fulltrúar FÍA:

Kristján Egilsson  
Sturla Ómarsson  
Þórhallur Haukur Reynisson  
Jenna Lilja Jónsdóttir, varamaður  
Úlfar Henningsson, varamaður  
Victor Victorsson, varamaður

##### Fulltrúar atvinnurekenda:

Guðmundur Pálsson  
Hlynur Elísson  
Sigþór Einarsson, varamaður  
Davíð Þorláksson, varamaður

#### **6. Tilkynning um laun stjórnar**

Magnús Brimir Jóhannsson (MBJ) lýsir því hvernig laun stjórnarmanna hafa lækkað til samræmis við þá lækkun lífeyrisréttinda. Eftir 15% lækkun launa árið 2009 verða laun stjórnarmanna þessi:

|                           |                             |
|---------------------------|-----------------------------|
| Stjórnarformaður:         | 179.350 kr. á mánuði        |
| Fulltrúar FÍA:            | 135.150 kr. á mánuði        |
| Fulltrúar atvinnurekenda: | 48.450 kr. á mánuði         |
| Varamenn:                 | 16.150 kr. fyrir hvern fund |

#### **7. Kynning á lækkun lífeyrisréttinda**

Vegna tryggingarfræðilegrar stöðu sjóðsins hefur stjórn tekið ákvörðun um lækkun lífeyrisréttinda sjóðfélaga um 10%. Lækkunin verður framkvæmd í 10 skrefum, 1% á mánuði í 10 mánuði, frá júní 2010 til mars 2011. Enginn fundarmanna tók til máls eftir að ákvörðun um lækkun lífeyrisréttinda var kynnt.

#### **8. Önnur mál**

Franz Ploder (FP) fundarstjóri opnar fyrir umræður og fyrirspurnir.

HÞH stígur í pontu og varar við því að sjóðurinn skuldbindi sig í Framtaksjóði Íslands. Telur líkur standa til þess að sjóðurinn verði verkfæri stjórnmalamanna af landsbyggðinni. Vill að sjóðurinn eigi fulltrúa í Framtakssjóðinum.

Gylfi Magnússon spyr hvort stjórnarmenn hafi notið sérstakrar fyrirgreiðslu hjá Landsbankanum. MBI svarar því að stjórnarmenn hafi ekki notið neinnar sérstakrar fyrirgreiðslu.

HPH kveður sér hljóðs á ný og krefst þess að fá uppgefið hvernig réttindi hans skertust á liðnu ári. MBI svarar HPH með því að lesa upp ítarlegt bréf sem sjóðurinn sendi honum vegna fyrirspurnar hans um réttindi hans í sjóðinum. Í bréfinu er almennt farið yfir réttindaöflun sjóðfélaga samkvæmt samþykktum og í niðurlagi þess var HPH bent á að ef hann vildi nánari upplýsingar um sýna stöðu væri honum velkomið að leita til tryggingastærðfræðings sjóðsins og láta hann reikna sig út. Það yrði þó að vera á hans eigin kostnað, sjóðurinn gæti ekki borið kostnað af því að láta reikna sérstaklega út hvern sjóðfélaga, fyrir töku lífeyris, umfram þá grunnútreikninga sem koma fram í yfirlitum til sjóðfélaga.

Örnólfur Jónsson (ÖJ) fráfarandi formaður stjórnar stígur í pontu og fer yfir aðdraganda þess að stjórn EFÍA var sett af 17. mars 2009. Hann segir langt um liðið síðan leitað var álits Umboðsmanns Alþingis, á þessari ákvörðun Fjármálaráðuneytisins, og að Umboðsmaður hafi leitað eftir gögnum frá ráðuneytinu. Segist vongóður um að málið sé að komast á lokastig. ÖJ vísar á bréfi frá Fjármálaráðuneytinu þar sem ráðuneytið viðurkennir að annmarkar kunni að hafa verið á meðferð málsins. ÖJ segir komið hafa í ljós að upphaflega hafi ekki verið ætlunin að setja af stjórn EFÍA. En af einhverjum ástæðum hafi sú ákvörðun verið tekin 5. mars 2009, að setja af allar stjórnir, allra sjóða í vörslu Landsbankans. Ekkert skriflegt sé til um þessa ákvörðun og ekki liggi fyrir hvaða sjónarmið lágu að baki henni. Stjórn EFÍA er ósátt við málið og bindur væntingar við svör Umboðsmanns. Áður en stjórnin var sett af hafi verið mikil og góð sátt við FME og Fjármálaráðuneytið. ÖJ vísar að höftunum, og efnahagslífinu í heild. Segir næstu ár verða erfið fyrir sjóðinn.

Fundarstjóri (FP) þakkar fráfarandi stjórn störf sín og óskar nýrri stjórn velfarnaðar.

Fundi slitið klukkan 18:30

